

Hverfisráð Öxarfjarðar

6. fundur

23. október 2018 kl. 19:30

Skerjakollu Kópaskeri

Mætt voru:

Conny Spandau, Elvar Már Stefánsson, Guðmundur Magnússon, Inga Sigurðardóttir, og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Íbúafundur.

Áætlað er að halda íbúafund 23. janúar.

2. Sundlaugin í Lundi

Frestað til næsta fundar þar sem málið er í vinnslu.

3. Þjónusta Norðurþings við fegrun þorpsins og starfsmannahald í kringum það

Margir íbúar Kópaskers hafa kvartað yfir lélegu viðhaldi á umhverfi Kópaskers. Ánægulegt var að sjá þann hóp sem kom fyrir Sólstöðuhátið, en betur má en duga skal. Með vonum um að betur megi fara næsta sumar. Vísað til næsta íbúafundar.

Bréf frá guðmundi Erni Benediktssyni um um ástand flugvallasvæðisins lagt fram. Tekið er undir áhyggjur bréfritanda. Vísað til næsta íbúafundar.

4. Þjónusta við grunnskólasvæðið í Lundi

Borist hafa ábendingar um litla umhirðu tjaldsvæðisins, og nærumhverfi skólans, en það er óvissa um hvort tjaldsvæðið eigi að vera opið og hver á að sjá um svæðið.

Ábending hefur komið frá starfsmönnum grunnskólans í Lundi um að vörumóttakan fyrir mótneyti sé verulega ábótavant, sérstaklega í snjó og hálku. Óskað er eftir að málið verði athugað.

Í sambandi við lið 3 og 4 má benda á að fastráðin starfsmaður Norðurþings var í löngu leyfi og engin afleysing var fyrir hann á meðan.

5. Umsóknir stöðuleyfa fyrir gáma á Randarsvæðinu

Skipulags og fræmkvæmdaráð Norðurþings tók málið fyrir á fundi sínum 2. október 2018 (liðir 3, 4 og 5) og vísaði því til umsagnar hjá Hverfisráði. Hverfisráð telur í lagi að veita þessi leyfi, með þeim skilyrðum um að umhverfi þeirra sé snyrtilegt og gerð verði bót á ástandinu eins og það er nú.

6. **Gatnagerð - malbikun**
Sveitafélagðið hefur ráðist í malbikunarframkvæmdir víða í sveitafélaginu og er það mjög gott. Vonandi er þá komið að Kópaskeri, því margir götur þar þurfa viðhald, eins og t.d planið á milli búðarinnar og Pakkhúsins og innkeyrslan í Þorpið.
7. **Tilnefning fulltrúa íbúa í verkefnisstjórn Öxarfjörður í sókn - Brothættar byggðir**
Samþykkt að Salbjörg Matthíasdóttir í Árdal verði fulltrúi íbúa.
8. **Tillaga Norðurþings um ærslabelg á Kópaskeri**
Óskað er eftir að Hverfisráð kom með hugmynd að staðsetningu ærslabelgs. Hverfisráð leggur til að hafa hann við Leikskólann.
9. **Önnur mál.**
Næsti fundur Hverfisráðs er áætlaður 4. desember.

Fundi slitið kl. 21:45

Júga Sig
Elvar meit
Comedja Spand
Gudrun. Mcay
Kristin fra Benediktsd.